

22
5. jan.

REGLUR

fyrir Fyrningarsjóð pósts og síma.

1. gr.

Tekjur sjóðsins eru árlegar fyrningar pósts og síma ásamt vöxtum af útlánum, innstæðum og verðbréfum, ef nokkur eru í eign sjóðsins.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að lána fé til hvers konar póst- og símaframkvæmda, húsa-kaupa fyrir póst og síma, svo og til aðstoðar þeim, sem byggja vegna pósts og síma, eða til annarra nauðsynlegra hluta í sambandi við póst eða síma. Allar lánveitingar úr sjóðnum skulu samþykktar af póst- og símamálaráðherra.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu póst- og símamálastjóra og skulu reikningar sjóðsins árlega endurskoðaðir af endurskoðun fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 20 milljónir króna, skal endurskoða þessar reglur.

Póst- og símamálaráðherra, 5. janúar 1952.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hliðdal.

23
11. febr.

SKRÁ

um nöfn á nýbýlum og breytingar á bæjanöfnum.

Í skrá þeirri, sem hér fer á eftir, og birt er samkvæmt fyrirmælum 7. laga nr. 51/1937, um bæjanöfn o. fl., eru talin nöfn býla, utan kaupstaða, sem hlotið hafa staðfesting ráðuneytisins fram til ársloka 1951 og eigi er getið í fasteignabók 1932:

1. Gullbringusýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Akurgerði	Eyvindarstaða	Bessastaðahreppi
Austur-Klöpp	Klappar	Miðneshreppi
Grund	Breiðabólstaðar	Bessastaðahreppi
Hléberg	Setbergs	Garðahreppi
Lyngholt	Garða	Garðahreppi
Norður-Eyvindarstaðir	Eyvindarstaða	Bessastaðahreppi
Þórsberg	Setbergs	Garðahreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:	Úr landi:	
Arnarbæli	Endagerði	Miðneshreppi
Sólbakki	Bakki	Garðahreppi
Urriðavatn	Urriðakot	Gerðahreppi